

# Blind Stefna



Artist

books

Other

works

■ Ragna Hermannsdóttir  
Freedom

✱ Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir  
Án titils / Untitled

✱ Rúna Þorkelsdóttir  
Blind Navigation


■ Ragna Hermannsdóttir  
Blóð í Grasinu /  
Blood in the Grass

◆ Guðrún Einarsdóttir  
Án titils / Untitled

● Felix Gonzalez-Torres  
Print from installation

\* Niels Hafstein  
Skúlpturn / Sculpture

◆ Anna Ihle  
Dear Heenaben,  
I am showing your embroidery  
in Reykjavík now. It looks great!



**Lifandi****Safneign****Nýló****Blind****Navigation**

Nýlistasafnið var stofnað árið 1978 af hópi listamanna í þeim tilgangi að varðveita íslenska samtímalistasögu og þá sérstaklega þau verk sem opinberar listastofnanir sýndu ekki áhuga. Listaverkæign Nýló byggir á gjöfum listamanna og aðstandenda þeirra og hefur að geyma fjölda verka eftir marga af þekktustu listamönnum Íslands. Safneign Nýló er fyrir löngu orðin að sjálfstæðu fyrirbæri, hún er ekki alvitur en er ein birtingarmynd listasögunnar og er kjörin vettvangur rannsókna.

Safneignarsýningar hafa verið fastur liður í sýningarstefnu Nýlistasafnsins í þó nokkurn tíma þar sem viðmiðið var ein sýning annað hvert ár. Nú er svo komið að Nýló hefur eignast sýningar-rými tileinkað safneign sinni. Eitt af hlutverkum þessa nýja rýmis, fyrir utan að vera gluggi að safneign og sögu Nýló, er að bjóða upp á og leita eftir samstarfi við fræðimenn, sýningarstjóra og listamenn. Margt er enn órannsakað í safneign og heimildasöfnum Nýló og bíður nýja sýningarrýmið upp á marga möguleika og nálganir.

Fyrsta safneignarsýning Nýlistasafnsins í nýju heimkynnum sínum í efra-Breiðholti ber yfirskriftina BLIND NAVIGATION og nær yfir valin verk sem eiga það sameiginlegt að hverfast um frásagnarformið.

BLIND NAVIGATION er framlag Nýló til Lestrarhátíðar 2014 sem er helguð ritlist og smásögum og ber yfirskriftina *Tími fyrir sögu*. Nýló hefur boðið myndlistarkonunni Önnu Ihle (SE) til samstarfs og hefur hún unnið að sýningunni í samtali við Evu Ísleifsdóttur og Kolbrúnu Ýr Einarsdóttur en þær starfa hjá Nýlistasafninu. Verkin sem valin hafa verið úr safneigninni kallast á við hugmyndafræði Önnu, en hún hefur verið að rannsaka frásagnarformið í samtali við siðfræði, vinnu og tíma. Anna Ihle útskrifaðist með meistaraþráðu í myndlist frá Konstfack í Stokkhólmi vorið 2014 og dvelur um þessar mundir í gestavinnustofu Sambands Íslenskra Myndlistarmanna.

Upplýsingar um verkin sem valin hafa verið á sýninguna er hægt að skoða á heimasíðu safnsins: [www.nylo.is](http://www.nylo.is), og á miðlægum gagnagrunni safna SARPUR [www.sarpur.is](http://www.sarpur.is).

Titill sýningarinnar er fenginn að láni frá einu af verkum sýningarinnar.

Nánari dagskrá sýningarinnar verður einnig á heimasíðu safnsins.

Anna Ihle þreifar sig áfram um safneign og arkíf Nýló. Þar finnur hún tengingar og óvænt bergmál sem hafa samhljóm með hennar eigin hugmyndafræði. Lítið svart málverk sem er henni framandi vekur athygli hennar, hún skoðar skúlptúr sem virðist takast á við svipuð þemu og hennar eigin verk. Hún finnur prentverk eftir listamann sem var hennar helsti áhrifavaldur og undirstrikaði val hennar að verða listamaður. Hún skoðar bókverk, finnur þar opnu sem veitir henni staðfestingu. Í Safneign sem líkist dimmu herbergi, skrifuðu á erlendu tungumáli, snertir hún á hlutum, hugmyndum og þegar eitthvað virðist svolítið kunnuglegt, öruggt eða gagnlegt; heldur hún fast.


Úr safneign Nýló hefur Anna Ihle valið verk í samvinnu við Evu Ísleifsdóttur og Kolbrúnu Ýr Einarsdóttur, starfsfólk Nýlistasafnsins. Verkin munu birtast samhliða verki hennar *Dear Heenaben, I'm showing your embroidery in Reykjavik now. It looks great!*

Í verkum sínum fæst Anna Ihle við siðfræði, tíma og vinnu. Veturinn 2013 flutti hún til Ahmedabad á Indlandi í þeim tilgangi að kynna fólk sem vinnur við handvefnað og spyrja þau hvaða hugmyndir þau hafa varðandi vinnu sína. Vefnaðurinn sem Anna sýnir í safneignarrými Nýló inniheldur tilvitnanir fengnar úr samtölum við fólk sem vinnur við framleiðslu á handgerðri vefnaðarvöru. Anna hefur um tíma rannsakað vinnu fólks; gandhian áhrif á vefnaðariðnað í Gujarat, Indlandi og nú nýverið, vinnu-siðfræði fólks af mótmælendtrú í Noregi á meðan hún hefur sjálf unnið við viðarútskurð og með hamp reipi.

# Blind Navigation



Artist	books	Other	works
■ Ragna Hermannsdóttir	Freedom	◆ Guðrún Einarsdóttir	Án titils / Untitled
✱ Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir	Án titils / Untitled	● Felix Gonzalez-Torres	Print from installation
✱ Rúna Þorkelsdóttir	Blind Navigation	* Niels Hafstein	Skúlptúr / Sculpture
■ Ragna Hermannsdóttir	Blóð í Grasinu / Blood in the Grass	◆ Anna Ihle	Dear Heenaben, I am showing your embroidery in Reykjavík now. It looks great!



## Living

## Collection

## Blind

## Navigation

The Living Art Museum (Nýló) was founded in 1978 by a group of artists in order to preserve the history of Icelandic contemporary art, works that public art institutions at the time showed no interest in. The art works in the collection have been donated by artists and their families. The collection has long since become an independent phenomenon, it is not omniscient but is one manifestation of Icelandic art history and is an ideal venue for research.

Exhibitions from the collection have been a regular event of Nýló's exhibition policy for a long time, where it was one show every two years. Now for the first time Nýló has acquired an exhibition space dedicated to its collection. One of the functions of this new space, besides opening the collection to people, is to offer and seek collaboration with scholars, curators and artists. Much remains a mystery in the collection and archives of Nýló and the new exhibitions space makes new approaches and dialogs concerning the collection possible.

The first exhibition in the Living Collection is titled **BLIND NAVIGATION** and introduces selected works which have the narrative form in common.

**BLIND NAVIGATION** is Nýló's contribution to the Literacy festival in Reykjavík 2014, which is dedicated to literature and short stories entitled *Time and history*. Nýló has invited artist Anna Ihle (SE) to conversation with Eva Ísleifsdóttir and Kolbrún Ýr Einarsdóttir, who both work in Nýló. The works that have been selected from the collection echoe Anna's ideology of art and work. She has been studying narrative form in conversation with ethics, labor and time. Anna Ihle graduated with a master's degree in fine arts from Konstfack in Stockholm in spring 2014 and is currently in residency at SÍM (the Association of Icelandic Visual Artists).

Information about the works that have been chosen for the exhibition can be viewed on Nýló's website: [www.nylo.is](http://www.nylo.is), and Sarpur: [www.sarpur.is](http://www.sarpur.is)

The exhibition title is borrowed from one of the artist books in the show.

More info on the exhibition schedule will also be on the website [www.nylo.is](http://www.nylo.is)

Ihle navigates around Nýló's collection and archives to find unexpected echoes and identifications that relate to her own works. She is drawn to a small black thick painting, unfamiliar to her. She finds an installation which seems to deal with similar themes as her own works do. She finds an art piece by an artist which made her realise that she wanted to become an artist. She finds artist books, and presents a page where she finds confirmation. In an archive which feels like a dark room and written in a foreign language, Ihle puts her hands on things and whenever they seem a little familiar, a little safe or helpful; she holds on to them.

From Nýló's collection Ihle has chosen works to be shown alongside her work *Dear Heenaben, I'm showing your embroidery in Reykjavik now. It looks great!*

Ihle's work deals with ethics and passing of time. During the winter of 2013 Anna left for Ahmedabad, India, to ask people working with handmade textiles "what do you think about your work?". The textiles Ihle is showing in Nýló contain quotations taken from conversations with people involved in the production of handmade textiles. Ihle has been investigating gandhian influences in handloom in Gujarat, India and more recently protestant work ethics in Norway while introducing herself to wood carving and the making of hemp ropes.